

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 14. ágúst kl. 11:00 var haldinn 111. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Lilja Mósesdóttir, Finnbogí Rögnvaldsson og Eydís Aðalbjörnsdóttir.

Ennfremur sat forstjóri fundinn og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilboð sem bárust 7. ágúst s.l. í eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku, að undangengnu söluferli. Ennfremur lagt fram ódags. minnisblað Arctica Finance, sem annaðist söluferlið, og kynning framkvæmdastjóra fjármála dags. í dag. Lögð fram svohljóðandi tillaga að bókun stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela stjórnarformanni og forstjóra að ganga til samninga við Magma Energy Sweden AB um kaup þess á eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku á grundvelli tilboðs fyrirtækisins auk þeirra breytinga sem fram koma í minnisblaði Arctica Finance. Jafnframt verði leitað samkomulags við Hafnarfjarðarbæ um sölu á hlut bæjarins í HS Orku til sama aðila. Verði niðurstöður lagðar fyrir stjórn til afgreiðslu.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum.

Sigrún Elsa Smáradóttir situr hjá.

Lilja Mósesdóttir greiðir atkvæði á móti.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Lilja Mósesdóttir óska bókað:

Ýmsir þættir hafa áhrif á það hversu hagfellt fyrirbyggjandi tilboð mun reynast OR. Gengi krónunnar og þróun álverðs eru þar helstu áhrifaþættir. Óskað er eftir greiningu á mögulegri niðurstöðu m.v. mismunandi þróun þessara þátta frá kaupum á hlutunum til fullnustu fyrirbyggjandi tilboðs. Einnig er óskað eftir minnisblaði um hvernig samfélagslegir hagsmunir eru tryggðir við söluna, bæði hvað varðar öryggi neytenda og stöðu auðlinda.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 20. ágúst kl. 13:00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:50.

Guðlaugur G. Sverrisson,
Eydís Aðalbjörnsdóttir, Finnbogí Rögnvaldsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,
Lilja Mósesdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir.